



Alþingi
Erindi nr. P 132/94
komudagur 22.11.2005


Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 15. nóvember 2005
2005110062/91/SG/gh

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um skipulega leit að krabbameini í ristli.

Landlæknisembættið hefur um nokkurra ára skeið unnið að því að skipulögð leit hefjist á krabbameini í ristli og endaparmi hér á landi. Eins og vísað er til í ágætri greinargerð voru gefnar út klínískar leiðbeiningar um þetta mál, síðast uppfærðar 1. janúar 2003. Vinnuhópur á vegum Landlæknisembættisins vann svo málið áfram og lagði til í álitum frá því í mars 2004 að skimun yrði hafin á tveggja ára fresti, henni yrði beint til 55-70 ára fólks, hún væri skipuleg og skráð. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið í ýmsum nálægum löndum og raktar eru í greinargerðinni benda eindregið til gagnsemi skimunar af þessu tagi. Miðað við upplýsingar um vaxandi tíðni ristilkrabbameins á Íslandi er kominn tími til að Íslendingar bregðist við. Landlæknir er því mjög fylgjandi því að þingsályktunartillaga um að undirbúningur fyrir skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi verði hafin og ná fram að ganga.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir